

54  
21. júní

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning sjóðsins endurskoði 2 hreppsnefndarmenn Borgarhrepps, sem stjórnarkonur sjóðsins tilnefna. Svo skulu reikningarnir með umsögn endurskoðenda sendir sýslunefnd Mýrasýslu til fullnaðarsamþykta.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda sjerstaka gjörðabók, sem í sju bókaðar allar framkvæmdir sjóðstjórnarinnar, svo sem úthlutun styrktarfjár, kosningar, ársreikningar og sjerhvað annað, sem snertir hag sjóðsins.

## 9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ölvaldsstöðum, 25. apríl 1928.

*Elísabet Fjeldsted. Ragnhildur Erlendsdóttir. Guðfríður Jóhannesdóttir.*

55  
21. júní

## REGLUGJÖRÐ

um

**notkun vatns og vatnsskatt í kaupúninu í Keflavík.**

## 1. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps sjer um, að jafnan sju til í kaupúninu nægileg og trygg vatnsból til afnota fyrir íbúa þess.

Skal þar til kjörin vatnsnefnd annast um viðhald þeirra, en notendur greiði vatnsskatt eins og hjer segir:

- a. Af öllum íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsbólavæðinu, er hreppsnefnd ákveður fyrir 1 ár í senn, skal greiða í vatnsskatt  $2\frac{1}{2}^0/00$  af fasteignarmatsverði þeirra, af íshúsum, gufubræðsluhúsum og brauðgerðarhúsum  $3\frac{1}{2}^0/00$  og af öllum öðrum húsum  $1\frac{1}{4}^0/00$ .
- b. Fyrir hverja kú greiðist kr. 2.00.
- c. Fyrir hvern hest greiðist kr. 1.00.
- d. Mótorbátar er hafa vatnsveljar greiði kr. 10.00 hver.
- e. Skip er kynnu að taka vatn, greiði kr. 0.50 fyrir hverja tunnu (120 lítra).

f. Brauðgerðarhús greiði aukagjald kr. 15.00 auk gjalds samkvæmt fasteignarmatsverði. 55  
21. júní

g. Fyrir sjerstaka notkun vatnsins, fyrir hvern sem er, svo sem til húsa- bygginga, þvotta á verslunarvörum o. s. frv., greiðist sjerstakt gjald eftir ákvæðum vatnsnefndar, í hvert sinn og með áður fengnu leyfi hennar til notkunar vatnsins.

Gjald það, sem ákveðið er í staflíð a—f er vatnsnefnd heimilað að hækka eða lækka eftir þörfum, um alt að 25% fyrir 1 ár í senn.

#### 2. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

#### 3. gr.

Þeir er leiða vatn úr vatnsbólum kaupsins heim til sín, eru skyldir að greiða sama gjald og aðrir íbúar kaupsins.

#### 4. gr.

Verði nokkur tekjuafgangur, þegar greitt hefir verið árlegt afgjald og annar kostnaður við vatnsbólin, skal hann lagður í varasjóð.

#### 5. gr.

Skylt er hverjum íbúa kaupsins á vatnsbólasmálinu að nota vatnsból kaupsins og greiða hinn ákveðna skatt, nema samningar komist á milli hreppsnefndar og þess er undanþágu leitar, um notkun vatnsbólanna og skattgreiðsluna, sem því aðeins getur komið til mála, að umsækjandi hafi áður átt vatnsból, er hann eingöngu notar.

#### 6. gr.

Verði nokkur uppvís að því að skemma vatnsbólin, eða það, sem þeim tilheyrir, af kæruleysi eða ásettu ráði, skal hann bæta það að fullu eftir mati þar til kvaddra manna, enda sæti hegningu ef miklar sakir eru.

#### 7. gr.

Hreppsnefndin kys þrjá menn í vatnsnefnd sem hefir alla umsjón með vatnsbólunum, og skulu notendur snúa sjer til þeirrar nefndar um alt það, er vatnsbólunum verður ábótavant.

Vatnsnefnd kys einn mann úr sínum flokki til þess að annast um innheimtu skattsins, og afhendir hann hreppsnefndinni fjeð, ásamt fullum reikningsskilum fyrir kostnaði við árlegt viðhald vatnsbólanna.

Innheimtumaður hefir 5% af upphæðinni, en ber jafnframt ábyrgð á innheimtu skattsins, að svo miklu leyti sem hann virðist gjaldkræfur.

- 55** 21. júní **8. gr.** Gjalddagi á vatnsskatti er 15. júlí og 15. október, og má taka hann lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. júlí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1928.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vígfús Einarsson.*

- 56** 21. júní **KONUNGLEG STAÐFESTING** á skipulagskrá fyrir minningarsjóð Krístrúnar Haraldsdóttur útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. júní 1928. Skipulagsskráin er þannig:

## **SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir

**Minningarsjóð Krístrúnar Haraldsdóttur.**

Sjóður þessi er stofnaður árið 1923 með 250 kr., sem Ungmennafjelag Hrunamanna gaf til minningar um dóttur okkar, er andaðist 29. desember 1922. — Árið sem leið höfum við bætt það miklu við sjóðinn, að hann var 1000 kr. í byrjun þessa árs.

Ungmennafjlagið fól okkur að ráðstafa sjóðnum og gerum við það þannig:

**1. gr.**

Sjóðurinn skal vera eign Lestrarfjelags Hrunasóknar, eða þess lestrarfjelags, sem Hrunasókn öll á aðgang að, þótt það hafi annað nafn eða nái yfir stærra svæði.

**2. gr.**

Lestrarfjelagsstjórnin skal annast um, að sjóðurinn sje ávaxt-